

FÓKUS

Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2014/2015

Stjórn Fókus síðasta starfsár hefur verið þannig skipuð:

<i>Formaður</i>	Guðjón Vilhjálmsson
<i>Ritari og varaformaður</i>	Arna Harðardóttir
<i>Meðstjórnendur</i>	Hjörleifur Halldórsson Hjörtur Sturluson Lilja Björk Kristinsdóttir (Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir)
<i>Varamenn</i>	Stefán Stefánsson Smári Kristinsson

Fræðslufundir og ráðstefnur

Starfsárið 2014-2015 var með hefðbundnu sniði, faghópurinn stóð fyrir tveimur hádegisfundum í maí og desember auk þess að halda hina árlegu heilbrigðisráðstefnu í febrúar.

Þann 14. maí var haldin hádegisfundur undir yfirskriftinni „Hlutverk netsins í nútíma heilbrigðisþjónustu“. Fengnir voru 4 fyrirlesarar til að segja frá því hvernig netið getur nýst bæði þeim sem veita og þiggja heilbrigðisþjónustu. Fyrstur í pontu var Már Egilsson heimilislæknir við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hann sagði frá því hvernig hann notar ýmsar vefsíður í sínu starfi til að leita sér upplýsinga og styðja við ákvarðanatöku. Næst sagði Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir ritstjóri 6h.is frá tilurð og þróun vefsins og hvernig hann nýtist börnum, unglingum og fullorðnum í leit að fræðslu um heilbrigði. Einkar áhugavert var að heyra frá þeirri vinnu sem var lögð í að gera vefinn aðgengilega börnum. Harpa Hreinsdóttir kom með sjónarhorn sjúklingsins og sagði frá því hvernig sjúklingar geta sjálfir leitað sér upplýsinga á netinu um þá sjúkdóma sem þeir greinast með. Að lokum steig Teitur Guðmundsson í pontu og fræddi fundargesti um vefinn doktor.is og hvernig hann nýtist fjölmörgum einstaklingum á hverjum degi sem leita upplýsinga um heilsufarstengd atriði. Heiða Dögg Jónsdóttir frá TM Software stýrði fundinum.

Haustfundur Fókus var haldin 3. desember og var umræðuefnið miðlægt lyfjakort. Þrír fyrirlesarar voru með framsögu. Guðjón Vilhjálmsson frá TM Software hóf fundinn á því að segja frá lyfseðlaskrá landlæknis og hvaða upplýsingar hún geymir og hvaða upplýsingar vantar uppá svo að hægt sé að tala um miðlægt lyfjakort. Næstur var Ingi Steinar Ingason frá embætti landlæknis, hann sagði frá framtíðarsýn embættisins hvað varðar miðlægt lyfjakort. Síðasta erindi fundarins var svo flutt af Magnúsi Kristjánssyni frá Þulu, hann fræddi fundargesti um miðlægt lyfjakort sem verið er að þróa í Noregi og sagði frá stofnskrá lyfja sem Norðmenn viðhalda og hafa boðið Íslendingum að nota okkur að kostnaðarlausu. Fram til þessa hafa læknar ekki verið duglegir að sækja fræðslufundi Fókus og var gert átak í undirbúningi þessa fundar í að ná til lækna. Fundurinn var haldinn í sal Læknafélags Íslands og fundarstjóri var Oddur Steinarsson lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ennfremur var

bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða þeim læknum sem ekki komust á fundinn að horfa á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og mældist það vel fyrir.

Síðasti viðburður starfsársins var að venju heilbrigðisráðstefna Fókus sem haldin var 18. febrúar. Þemað þetta árið var „Rafræn teymisvinna – ný tækifæri í kjölfar samtengingar sjúkraskráa“. Á ráðstefnunni fluttu 6 fyrirlesarar erindi auk Birgis Jakobssonar landlæknis sem flutti opunarávarp.

Fyrstur sté á stökk Birgir Finnsson og útskýrði samtengingu sjúkraskráa. Erindið bar nafnið *Samtengdar sjúkraskrár – Grunnurinn að dreifðum teyrum*. Birgir byrjaði á að fara yfir söguleg atriði þessa verkefnis, hvernig horfið var frá miðlægum gagnagrunni yfir í að samtengja sjúkraskrár, sem þýðir mun minni kostnað og einföldun þess að eiga samskipti við mismunandi kerfi hinna ýmsu stofnana. Samtengingin er þá undirlag sem hægt er að smíða tengingu við kerfi hinna ýmsu stofnana.

Næst kynnti Auður Harðardóttir frá Embætti landlæknis (EL) verkefni um rafræna mæðraskrá. Erindið bar heitið *Loksins! Rafræn mæðraskrá* og í því svaraði hún spurningunni *Af hverju rafræn mæðraskrá*. Stutta svarið við þeirri spurningu er að kröfur um að upplýsingar séu aðgengilegar eru sífellt að aukast. Eins og staðan er í dag eru verðandi mæður nú að bera á milli staða pappírskrá, þar sem sumar upplýsingar eru en annað er skráð rafrænt og ekki endilega aðgengilegt. Ferill upplýsinganna þarf að vera samhangandi, allt frá mæðraskoðun og yfir í ungbarnaskoðun eftir fæðingu barnsins.

Síðasti fyrirlesari fyrir hlé var Auður Ólafsdóttir verkefnisstjóri Hreyfiseðla á Íslandi. Í erindinu *Hreyfiseðill – rafræn eftirfylgd* fjallaði hún um hvernig unnið væri að því að ávísun á hreyfingu yrði jafn sjálfsögð og á lyf. Það er þegar orðið hluti heilbrigðiskerfa á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Markmiðið er að hreyfing verði sjálfsagður hluti af heilbrigðiskerfinu og að allir læknar hefðu þess kost að ávísa auðveldlega og rafrænt á hreyfingu.

Að hléi loknu kom Ingi Steinar Ingason frá EL með erindið *Eftirlit með áhættuhópum*. Ingi sagði frá samstarfsverkefni embætti landlæknis, heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og TM Software um skráningu sjúklinga í háprýstihóp. Læknir býður sjúklingi að vera í háprýstieftirliti, merkir hann í háprýstihóp í Veru og sjúklingurinn skráir svo blóðþrýsting sinn þar inn. Læknir getur svo fylgst með sjúklingum sínum og haft yfirlit yfir hópinn.

Ósk Sigurðardóttir frá Reynd var næst á mælendaskrá, erindi hennar hét *Hvernig getur hugbúnaður stutt þverfaglega samvinnu innan heilbrigðisgeirans*. Ósk sagði réttilega að nú væru ýmiskonar aðferðir í gangi við skráningar sjúkragagna, allt frá Excel og yfir í hugbúnaðarkerfi s.s. Sögu, þessu þyrfti að breyta og samræma. Það myndi styðja við þverfaglega teymisvinnu ef gögn flæddu á milli og viðkomandi starfsmenn sæju þau gögn sem þeir þyrftu til að nota við vinnu sína. Tölvukerfi mætti ekki valda streitu heldur ætti það auðvelda starfsmanninum vinnu sína.

Lokaerindið var í höndum Ófeigs T. Þorgeirssonar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og bar yfirskriftina *Sjúkraskráning og árangursvæðing heilbrigðisþjónustu*.

Nú er það svo að skipting tilfella sem leita læknisþjónustu í dag skiptast þannig að 80% eru „venjulega fólkið“ 15% eru þeir sem hafa króníska sjúkdóma s.s. háþrýsting, 5% eru svo t.d. aldraðir og þeir sem mest nota kerfið og eru dýrasti hópurinn. Þessu þarf að breyta með markvissari notkun upplýsinga og samnýtingu mannauðs. Þannig mætti ná betri útkomu, sjúklingur tæki meiri ábyrgð á eigin heilsu og meiri hagkvæmni næðist fram, þ.e.minni sóun.

Fundarstjórn var í höndum Valgerðar Gunnarsdóttur frá Velferðarráðuneytinu

Lokaorð

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf á árinu, fyrirlesurum þeirra framlag og þáttakendum fyrir komuna.

Stjórn Ský fær einnig sérstakar þakkir fyrir gott samstarf.

Reykjavík 23. Febrúar 2015, Guðjón Vilhjálmsson, formaður Fókus.